

Norðurorka hf.

Ársreikningur samstæðu 2024

Norðurorka hf.
Rangárvöllum
603 Akureyri

kt. 550978-0169

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun stjórnar og forstjóra	3
Áritun óháðs endurskoðanda	4
Rekstrarreikningur	6
Efnahagsreikningur	7
Sjóðstreymisyfirlit	8
Skýringar	9

Skýrsla og áritun stjórnar og forstjóra

Norðurorka hf. er veitufyrirtæki sem vinnur og selur heitt og kalt vatn á Akureyri og nágrenni og rekur fráveitu og raforkudreifingu á Akureyri. Ársreikningur Norðurorku hf. hefur að geyma samstæðureikning félagsins og dótturfélags þess, Fallorku ehf. Fallorka ehf. er í 100% eigu Norðurorku hf. og felst starfsemi þess í sölu raforku og uppbyggingu raforkuvera á Íslandi. Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga.

Rekstur ársins

Rekstrartekjur samstæðunnar á árinu 2024 námu kr. 5.779 millj. en voru kr. 5.025 millj. árið 2023 og hafa hækkað um 15,0% á milli ára. Hagnaður ársins nam kr. 782 millj. í samanburði við kr. 629 millj. hagnað árið 2023. Eiginfjárlutfall í lok árs 2024 var 52,7% (2023: 52,7%).

Bókfært eigið fé samstæðunnar í árslok nam kr. 10.851 millj. samkvæmt efnahagsreikningi (2023: kr. 10.073 millj.). Fjöldi ársverka hjá samstæðunni á árinu 2024 var 79 (2023: 75). Meðal starfsmanna er hlutfall kvenna 35% og karla 65%. Í stjórnendahópi félagsins eru 57% karlar og 43% konur. Í stjórn móðurfélagsins er hlutfall kvenna 40% og karla 60% og í stjórn dótturfélagsins er hlutfall kvenna 67% og karla 33%.

Hlutfé í árslok nam kr. 847 millj. Hluthafar félagsins í árslok voru sex eins og í ársbyrjun. Eignarhlutdeild þeirra greinist þannig:

	Eignarhlutur
Akureyrarbær	98,27%
Hörgársveit	0,80%
Svalbarðsstrandarhreppur	0,45%
Grýtubakkahreppur	0,18%
Þingeyjarsveit	0,18%
Eyjafjarðarsveit	0,12%
	100,00%

Framtíðaráform og óvissuþættir í ytra umhverfi

Gert er ráð fyrir að umfang rekstrarins verði áfram svipað og síðustu ár.

Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum nam kr. 2.141 millj. á árinu 2024 (2023: kr. 2.103 millj.). Áætlanir gera ráð fyrir aukinni uppbyggingu í innviðum hitaveitukerfa í ljósi visbendinga um að jarðhitakerfið við Hjalteyri sé fullnýtt, auk uppbyggingar í Ólafsfirði. Á árinu voru tekin ný langtímalán að fjárhæð kr. 800 millj. sem nýtt voru til fjárfestingar fyrir hita- og fráveitu. Mikilvægt er að framtíðarsýn og fjárfestingaáætlanir félagsins taki mið af rekstraröryggi veitukerfa og auknum rannsóknum á jarðhitauðlindum.

Stjórn félagsins leggur til við aðalfund að ekki verði greiddur arður til hluthafa á árinu 2025. Vísað er til ársreikningsins um ráðstöfun hagnaðar og aðrar breytingar á eiginfjárreikningum.

Stjórn og forstjóri Norðurorku hf. hafa í dag rætt ársreikning samstæðunnar fyrir árið 2024 og staðfest hann með undirritun sinni. Stjórn og forstjóri leggja til við aðalfund að samþykkja ársreikninginn.

Akureyri, 25. mars 2025.

Stjórn

Forstjóri

Hanna Jónsdóttir
Þorgerður Atalbráun
Sólveig B. Stefánsd.
Þorgerður J.
Hilma Jóna Þorbjörnsdóttir

Eyþór Þorsteinsson

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa Norðurorku hf.

Áritun um endurskoðun samstæðuársreikningsins

Álit

Við höfum endurskoðað samstæðuársreikning Norðurorku hf. („félagið“) fyrir árið 2024. Samstæðuársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að samstæðuársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu samstæðu félagsins 31. desember 2024 og afkomu samstæðunnar og breytingu á handbæru fé á árinu 2024, í samræmi við lög nr. 3/2006 um ársreikninga.

Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum *Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun samstæðuársreikningsins* í árituninni. Við erum óháð félaginu í samræmi við gildandi siðareglur fyrir endurskoðendur. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar og forstjóra á samstæðuársreikningnum

Stjórn og forstjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu samstæðuársreikningsins í samræmi við lög nr. 3/2006 um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram samstæðuársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð samstæðuársreikningsins ber stjórn og forstjóra að leggja mat á rekstrarhæfi félagsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa félagið upp eða hætta starfsemi þess, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.

Stjórn og forstjóri skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu samstæðuársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun samstæðuársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort samstæðuársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur samstæðuársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í samstæðuársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.
- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.

Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun samstæðuársreikningsins, frh.:

- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.
- Ályktum við um hvort notkun stjórnar og forstjóra á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi samstæðunnar. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum samstæðuársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert félagið órekstrarhæft.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald samstæðuársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort samstæðuársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.
- Öflum nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna varðandi fjárhagslegar upplýsingar eininga innan samstæðunnar til að geta gefið álit á samstæðuársreikningnum. Við erum ábyrg fyrir skipulagi, eftirliti og framkvæmd endurskoðunar samstæðunnar og berum óskipta ábyrgð á áritun okkar.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal alla verulega annmarka á innra eftirliti sem við greinum við endurskoðun okkar.

Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir þessum samstæðuársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram annars staðar í ársreikningnum.

Akureyri, 25. mars 2025

KPMG ehf.



Rekstrarreikningur ársins 2024

	Skýr.	2024	2023
Rekstrartekjur			
Sala	3	5.779	5.025
Rekstrargjöld			
Orkukaup og orkuflutningur		852	656
Laun og launatengd gjöld	4	992	914
Annar rekstrarkostnaður		1.737	1.319
Afskriftir	8,9	783	792
		<u>4.364</u>	<u>3.681</u>
Rekstrarhagnaður		1.415	1.344
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Fjármunatekjur	5	33	20
Fjármagnsgjöld	5	(626)	(717)
Gengismunur	5	47	7
		<u>(545)</u>	<u>(689)</u>
Áhrif hlutdeildarféлага	11	33	50
Hagnaður fyrir tekjuskatt		903	704
Tekjuskattur	6,17	(121)	(76)
Hagnaður ársins	15	<u>782</u>	<u>629</u>
Hagnaður á hlut og þynntur hagnaður á hlut	7	0,92	0,74

Efnahagsreikningur 31. desember 2024

	Skýr.	31.12.2024	31.12.2023
Eignir			
Varanlegir rekstrarfjármunir	8	18.855	17.524
Óefnislegar eignir	9	0	4
Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum	11	445	436
Eignarhlutir í öðrum félögum	12	44	40
Fastafjármunir samtals		<u>19.344</u>	<u>18.004</u>
Birgðir		447	446
Viðskiptakröfur	13	458	445
Kröfur á tengda aðila	20	69	80
Aðrar skammtímakröfur		59	53
Handbært fé	14	232	73
Veltufjármunir samtals		<u>1.266</u>	<u>1.097</u>
Eignir samtals		<u><u>20.610</u></u>	<u><u>19.100</u></u>
Eigið fé			
Hlutfé		847	847
Yfirverðsreikningur hlutfjár		268	268
Annað bundið eigið fé		337	403
Óráðstafað eigið fé		9.399	8.555
Eigið fé samtals	15	<u>10.851</u>	<u>10.073</u>
Skuldir			
Lífeyrisskuldbinding	16	10	10
Tekjuskattsskuldbinding	17	263	218
Vaxtaberandi langtímaskuldir	18	8.106	7.518
Langtímaskuldir samtals		<u>8.378</u>	<u>7.746</u>
Skuldir við lánastofnanir		80	0
Viðskiptaskuldir		529	578
Skuldir við tengda aðila	20	17	17
Næsta árs afborganir langtímaskulda	18	471	452
Tekjuskattur til greiðslu	17	76	33
Aðrar skammtímaskuldir		208	202
Skammtímaskuldir samtals		<u>1.381</u>	<u>1.281</u>
Skuldir samtals		<u>9.759</u>	<u>9.027</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u><u>20.610</u></u>	<u><u>19.100</u></u>

Sjóðstreymisýfirlit ársins 2024

	Skýr.	2024	2023
Rekstrarhreyfingar			
Hagnaður ársins	15	782	629
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Söluþap (-hagnaður) eigna		(4)	(0)
Matsbreyting eignarhluta í félögum		0	(6)
Afskriftir	8,9	783	792
Verðbætur og gengismunur langtímakrafna og skulda		279	443
Áhrif hlutdeildarféлага	11	(33)	(50)
Lífeyrisskuldbinding, breyting	16	1	10
Tekjuskattskuldbinding, breyting		44	43
Veltufé frá rekstri		<u>1.853</u>	<u>1.862</u>
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:			
Birgðir, (hækkun) lækkun		(1)	(217)
Skammtímaþrófur, (hækkun) lækkun		(94)	(148)
Skammtímaskuldir, hækkun (lækkun)		5	250
Greiðslur vegna lífeyrisskuldbindingar		(1)	0
Breyting á rekstrartengdum eignum og skuldum		<u>(91)</u>	<u>(116)</u>
Handbært fé frá rekstri		<u>1.763</u>	<u>1.746</u>
Fjárfestingahreyfingar			
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum	8	(2.141)	(2.103)
Söluverð seldra rekstrarfjármuna		35	3
Arður frá hlutdeildarfélagi		19	20
Fjárfesting í eignarhlutum í öðrum félögum		(4)	(30)
Söluverð eignarhluta í félögum		0	9
Afborgun skuldabréfa		0	2
Kröfur á tengda aðila, breyting		54	2
Skammtímaþrófur, breyting		26	(26)
Fjárfestingahreyfingar		<u>(2.011)</u>	<u>(2.122)</u>
Fjármögnunarhreyfingar			
Arður til hluthafa	15	0	(127)
Tekin ný langtímalán		800	800
Afborganir langtímalána		(472)	(459)
Skuldir við lánastofnanir, breyting		80	0
Fjármögnunarhreyfingar		<u>408</u>	<u>214</u>
(Lækkun) hækkun á handbæru fé		159	(162)
Handbært fé í ársbyrjun		73	235
Handbært fé í lok ársins		<u>232</u>	<u>73</u>
Aðrar upplýsingar			
Innborgaðir vextir		33	20
Greiddir vextir		(295)	(260)
Greiddur tekjuskattur		(33)	0

Skýringar

1. Félagið

Norðurorka hf. ("Félagið") er íslenskt hlutafélag og er lögheimili þess að Rangárvöllum á Akureyri. Samstæðureikningur félagsins hefur að geyma ársreikning félagsins og dótturfélags þess, Fallorku ehf., Rangárvöllum á Akureyri.

Starfsemi samstæðunnar felst í vinnslu og sölu á heitu og köldu vatni, rekstri fráveitu, raforkudreifingu, rekstri raforkuvera og raforkusölu.

2. Reikningsskilaaðferðir

a. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur Norðurorku hf. hefur að geyma samstæðuársreikning félagsins og dótturfélags þess, Fallorku ehf., en félagið átti allt hlutafé í Fallorku ehf. í árslok. Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum. Hann er gerður í íslenskum krónum og eru fjárhæðir birtar í milljónum króna nema getið sé til um annað. Ársreikningurinn er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Dótturfélag er það félag þar sem félagið fer með yfirráð. Yfirráð eru til staðar þegar félagið hefur veruleg áhrif, bein eða óbein, til að stjórna fjárhags- og rekstrarstefnu dótturfélags. Ársreikningur dótturfélagsins er innifalinn í samstæðureikningi félagsins frá því að yfirráð hefjast og þar til þeim lýkur.

Stöður milli samstæðufélaga, viðskipti og óinnleystur hagnaður sem myndast hefur af viðskiptum milli þeirra eru felld út í samstæðureikningnum.

Hlutdeildarfélög er þau félög þar sem samstæðan hefur veruleg áhrif á fjárhags- og rekstrarstefnu, en ekki yfirráð. Samstæðureikningurinn inniheldur hlutdeild samstæðunnar í afkomu hlutdeildarfélaga frá upphafi áhrifa til loka þeirra. Verði hlutdeild samstæðunnar í tapi hærri en bókfært verð hlutdeildarfélaganna er bókfærða verðið fært í núll og færslu frekara taps er hætt nema félagið hafi gengist í ábyrgðir fyrir hlutdeildarfélögin eða fjármagnað þau.

b. Erlendir gjaldmiðlar

Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi í árslok 2024. Gengismunur á höfuðstól eigna og skulda er færður í rekstrarreikning.

c. Innlausn tekna

Tekjur af sölu eru færðar í rekstrarreikning þegar þjónusta hefur verið innt af hendi.

Tengigjöld notenda eru tekjufærð að fullu í rekstrarreikningi ársins þar sem þau eru óverulegur hluti heildartekna.

d. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna, þar til niðurlagsverði er náð.

e. Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir eru viðskiptavild vegna mismunar á kaupverði veitufyrirtækja og matsverði varanlegra rekstrarfjármuna þeirra. Óefnislegar eignir eru gjaldfærðar á tíu árum.

f. Dótturfélög

Eignarhlutur í dótturfélagi er eignfærður á verði sem svarar til hlutdeildar félagsins í bókfærðu eigin fé þess, að teknu tilliti til mismunar á upphaflegu kaupverði og hlutdeild í eigin fé þess við kaup. Yfirverð er fært sem aðrar óefnislegar eignir og þær gjaldfærðar á tíu árum.

g. Hlutdeildarfélög

Eignarhlutir félagsins í hlutdeildarfélögum eru færðir til eignar á verði sem svarar til hlutdeildar félagsins í bókfærðu eigin fé þeirra að teknu tilliti til upphaflegs kaupverðs.

h. Eignarhlutir í öðrum félögum

Eignarhlutir í öðrum félögum eru færðir á kaupverði að frádreginni niðurfærslu.

Skýringar

i. *Birgðir*

Rekstrarvörubirgðir eru metnar á innkaupsverði.

j. *Viðskiptakröfur*

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu. Niðurfærslan er byggð á mati stjórnenda til að mæta mögulegri tapsáhættu ef kröfur reynast ekki innheimtanlegar.

k. *Handbært fé*

Sjóður, bankainnstæður og markaðsverðbréf teljast til handbærs fjár.

l. *Lífeyrisskuldbinding*

Lífeyrisskuldbinding vegna lífeyrisréttinda starfsmanna félagsins er færð sem langtímaskuld í efnahagsreikning á grundvelli tryggingafræðilegrar úttektar í árslok 2024. Reiknuð breyting á skuldbindingunni á árinu er gjaldfærð í rekstrarreikningi sbr. skýringu 16. Áætlaðar næsta árs greiðslur félagsins vegna lífeyrisskuldbindingar eru færðar meðal skammtímaskulda.

m. *Tekjuskattur*

Tekjuskattur af afkomu samanstandur af tekjuskatti til greiðslu vegna ársins og frestuðum tekjuskatti. Tekjuskattur er færður í rekstrarreikning nema þegar hann varðar liði sem eru færðir beint á eigið fé, en í þeim tilvikum er tekjuskatturinn færður á eigið fé.

Tekjuskattur til greiðslu er áætlaður tekjuskattur sem greiða skal vegna skattskyldra tekna ársins, miðað við gildandi skatthlutfall á uppgjörssdegi. Rekstur vatns- og fráveitu er ekki tekjuskattsskyldur.

Frestaður tekjuskattur er færður í samræmi við efnahagsskuldbindingaraðferðina vegna tímabundinna mismuna á bókfærðu verði eigna og skulda í ársreikningnum annars vegar og samkvæmt skattverði þeirra hins vegar. Fjárhæð frestaðs tekjuskatts er byggð á áætlaðri innlaun eða uppgjöri bókfærðs verðs eigna og skulda, með því að beita gildandi skatthlutfalli á uppgjörssdegi.

3. Sala

Sala félagsins greinist þannig eftir starfsþáttum:	2024	2023
Tekjur hitaveitukerfis	2.543	2.145
Tekjur vatnsveitukerfis	602	562
Tekjur rafveitukerfis	1.807	1.558
Tekjur fráveitukerfis	708	633
Aðrar tekjur	118	128
	<u>5.779</u>	<u>5.025</u>

4. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:	2024	2023
Laun	895	818
Mótframlag í lífeyrissjóði	119	112
Önnur launatengd gjöld	80	74
Lífeyrisskuldbinding	1	11
Annar starfsmannatengdur kostnaður	35	31
Kostnaðarverð eigin vinnu	(139)	(132)
Laun og launatengd gjöld samtals	<u>992</u>	<u>914</u>
Fjöldi ársverka	79	75
Laun og hlunnindi stjórnna, forstjóra og framkvæmdastjóra	51	55

Skýringar

5. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld greinast þannig:	2024	2023
Vaxtatekjur og arður af eignarhlutum	33	20
Vaxtagjöld	(300)	(266)
Verðbætur	(326)	(455)
Gengismunur	47	7
Matsbreyting eignarhluta í félögum	0	6
Aðrar fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	0	(2)
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld samtals	(545)	(689)

6. Virkt skatthlutfall

Virkt skatthlutfall greinist þannig:	2024	2023
Hagnaður fyrir tekjuskatt	903	704
Tekjuskattur samkvæmt gildandi skatthlutfalli	21,00% 190	20,00% 141
Áhrif hlutdeildarfélaga	(0,67%) (6)	(1,20%) (8)
Óskattskyld starfsemi vatnsveitu og fráveitu	(6,05%) (55)	(7,96%) (56)
Tímabundin breyting tekjuskattshlutfalls	(0,25%) (2)	0,00% 0
Skattalegt fyrningarálag á grænar eignir	(0,48%) (4)	0,00% 0
Aðrir liðir	(0,19%) (2)	(0,10%) (1)
Virkur tekjuskattur	13,37% 121	10,74% 76

7. Hagnaður á hlut

Hagnaður á hlut er hlutfall hagnaðar ársins og vegins meðaltals hlutafjár á árinu og sýnir hver rekstrarniðurstaðan er á hverja krónu hlutafjár. Félagið hefur ekki gefið út breytanleg skuldabréf eða aðra gerninga sem leitt gætu til þynningar á hagnaði á hlut. Þynntur hagnaður á hlut er því sá sami og hagnaður á hlut.

	2024	2023
Hagnaður ársins	782	629
Vegið meðaltal hlutafjár	847	847
Hagnaður á hlut og þynntur hagnaður á hlut.	0,92	0,74

8. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig:

	Hitaveitu- kerfi	Rafveitukerfi og virkjanir	Vatnsveitu- kerfi	Fráveitu- kerfi	Aðrar eignir	Samtals
Heildarverð 1.1.2024	9.226	5.662	2.727	4.964	2.708	25.287
Afskrifað samtals	(2.911)	(1.724)	(940)	(920)	(1.268)	(7.763)
Bókfært verð 1.1.2024	6.315	3.937	1.788	4.044	1.440	17.524
Keypt á árinu	746	283	245	559	308	2.141
Selt og aflagt á árinu	(30)	0	0	0	(1)	(31)
Afskrifað á árinu	(265)	(117)	(58)	(186)	(153)	(779)
Bókfært verð 31.12.2024	6.766	4.103	1.976	4.417	1.594	18.855
Heildarverð 31.12.2024	9.938	5.945	2.973	5.523	3.007	27.385
Afskrifað samtals 31.12.2024	(3.173)	(1.842)	(997)	(1.106)	(1.413)	(8.530)
Bókfært verð 31.12.2024	6.766	4.103	1.976	4.417	1.594	18.855

Skýringar

8. Varanlegir rekstrarfjármunir (frh.)

Heildarverð 1.1.2023	8.217	5.502	2.601	4.630	2.596	23.546
Afskrifað samtals	(2.735)	(1.718)	(1.009)	(740)	(1.134)	(7.336)
Bókfært verð 1.1.2023	5.482	3.784	1.592	3.890	1.461	16.209
Keypt á árinu	1.047	275	259	334	187	2.103
Selt og aflagt á árinu	0	0	0	0	(3)	(3)
Afskrifað á árinu	(215)	(121)	(63)	(180)	(206)	(785)
Bókfært verð 31.12.2023	6.315	3.937	1.788	4.044	1.440	17.524
Heildarverð 31.12.2023	9.265	5.777	2.860	4.964	2.780	25.645
Afskrifað samtals 31.12.2023	(2.949)	(1.840)	(1.072)	(920)	(1.340)	(8.121)
Bókfært verð 31.12.2023	6.315	3.937	1.788	4.044	1.440	17.524
Afskriftarhlutföll	2,5%	1 - 20%	2,5%	2,5 - 5%	2 - 35%	
Áætlaður nýtingartími	40 ár	5 - 100 ár	40 ár	20 - 40 ár	3 - 50 ár	

Fasteignamat og vátryggingarverð

Vátryggingarverð, fasteignamat og bókfært verð eigna félagsins í árslok nam eftirtöldum fjárhæðum:

	2024	2023
Vátryggingarverð veitukerfa og virkjana	69.328	58.991
Bókfært verð veitukerfa og virkjana	17.261	16.084
Vátryggingarverð fasteigna	5.245	5.282
Fasteignamat fasteigna	2.219	2.139
Fasteignamat lóða	516	488
Bókfært verð fasteigna	1.174	1.156
Vátryggingarverð lausafjármuna	1.173	1.136
Bókfært verð lausafjármuna	420	284

Veðsetningar

Fasteignir móðurfélags að bókfærðu verði kr. 290,0 millj. eru veðsettar til tryggingar skuldum með tryggingarbréfi að fjárhæð kr. 407,7 millj. Eignir dótturfélagsins eru veðsettar til tryggingar skuldum með tryggingarbréfum að fjárhæð kr. 1.598,0 millj.

9. Óefnislegar eignir

Bókfært verð óefnislegra eigna greinist þannig:	31.12.2024	31.12.2023
Bókfært verð í ársbyrjun	4	11
Gjaldfærsla ársins	(4)	(7)
Bókfært verð í árslok	0	4

10. Eignarhlutir í dótturfélögum

Félagið átti í árslok 2024 allt hlutafé í Vistorku ehf., Rangárvöllum Akureyri. Með vísan til 68. gr. laga um ársreikninga nr. 3/2006, er félagið utan samstæðureiknings þar sem það hefur óverulega þýðingu fyrir rekstur og efnahag samstæðunnar vegna smæðar sinnar. Eignarhlutirnir eru færðir meðal eignarhluta í öðrum félögum.

Skýringar

11. Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum

Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum greinast þannig:

	2024			2023		
	Eignarhlutur	Bókfært verð	Hlutdeild í afkomu	Eignarhlutur	Bókfært verð	Hlutdeild í afkomu
NORAK ehf., Akureyri	33,33%	77	23	33,33%	76	23
Tengir hf., Akureyri	38,41%	368	9	38,41%	359	27
		<u>445</u>	<u>33</u>		<u>436</u>	<u>50</u>

12. Eignarhlutir í öðrum félögum

Eignarhlutir í öðrum félögum greinast þannig:

	2024		2023	
	Eignarhlutur	Bókfært verð	Eignarhlutur	Bókfært verð
Hrafnabjargavirkjun hf., Akureyri	48,75%	17	48,75%	17
Íslensk orka ehf., Akureyri	36,26%	63	36,26%	59
Netorka hf., Hafnarfirði	7,73%	10	7,73%	10
Skógarböð ehf., Akureyri	4,54%	29	4,54%	29
Vistorka ehf., Akureyri	100,00%	1	100,00%	1
		<u>120</u>		<u>116</u>
Niðurfærsla hlutabréfaeignar		<u>(76)</u>		<u>(76)</u>
Bókfært verð í árslok		<u>44</u>		<u>40</u>

13. Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur greinast þannig:

	31.12.2024	31.12.2023
Viðskiptakröfur	473	458
Niðurfærsla viðskiptakrafna	<u>(15)</u>	<u>(13)</u>
	<u>458</u>	<u>445</u>

Niðurfærsla viðskiptakrafna er færð til þess að mæta almennri áhættu sem fylgir kröfueign samstæðunnar. Niðurfærslan er byggð á mati stjórnenda og reynslu fyrri ára. Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða heldur niðurfærslureikning, sem mæta á þeim kröfum sem kunna að tapast og er hann dreginn frá eignfærðum viðskiptakröfum í efnahagsreikningi.

Niðurfærsla í ársbyrjun	13	13
Tapaðar kröfur á árinu	<u>(1)</u>	<u>(0)</u>
Gjaldfærð (tekjufærð) niðurfærsla á árinu	<u>3</u>	<u>1</u>
Niðurfærsla í árslok	<u>15</u>	<u>13</u>

14. Handbært fé

Handbært fé greinist þannig:

	31.12.2024	31.12.2023
Sjóður og bankainnstæður	<u>232</u>	<u>73</u>
Handbært fé samtals	<u>232</u>	<u>73</u>

Skýringar

15. Eigið fé

Heildarhlutafé félagsins samkvæmt samþykktum þess er kr. 846,7 millj. Eitt atkvæði fylgir hverjum einnar krónu hlut í félaginu.

Annað bundið eigið fé ársreiknings samanstendur af hlutdeild í hagnaði hlutdeildarféлага sem hefur ekki verið úthlutað í formi arðs á undirritunardegi og þýðingarmunar.

	Hlutafé	Yfirverðs- reikningur	Óráðstafað eigið fé	Annað bundið eigið fé	Samtals
Eigið fé 1.1.2023	847	268	8.072	384	9.571
Arður til hluthafa			(127)		(127)
Gengismunur v þýðingar				(0)	(0)
Hlutdeildartekjur			(38)	38	0
Arður frá hlutdeildarfélagi			20	(20)	0
Hagnaður ársins			629		629
Eigið fé 31.12.2023	847	268	8.555	403	10.073
Gengismunur v. þýðingar				(3)	(3)
Hlutdeildartekjur			42	(42)	0
Arður frá hlutdeildarfélagi			19	(19)	0
Afkoma ársins			782		782
Eigið fé 31.12.2024	847	268	9.399	337	10.851

15. Eigið fé (frh.)

	31.12.2024	31.12.2023
Annað bundið eigið fé greinist þannig:		
Óinnleystur hagnaður dóttur- og hlutdeildarféлага	343	405
Þýðingarmunur	(6)	(3)
	<u>337</u>	<u>403</u>

Í samræmi við reikningsskilareglur er fært af óráðstöfuðu eigin fé, á bundinn reikning meðal eiginfjár, fjárhæð sem svarar til hlutdeildar í afkomu dóttur- og hlutdeildarféлага sem færð var í rekstrarreikning og til hækkunar á svo miklu leyti sem hlutdeildin er umfram móttækinn arð frá þessum félögum og til lækkunar er færð neikvæð afkoma frá árinu á undan.

Ekki er heimilt að ráðstafa bundnu eigin fé til greiðslu arðs.

16. Lífeyrisskuldbinding

Á félaginu hvílir skuldbinding vegna lífeyrisréttinda fyrrum starfsmanna félagsins. Staða lífeyrisréttinda í árslok er byggð á útreikningi tryggingastærðfræðings og er færð í rekstrarreikning og til hækkunar á lífeyrisskuldbindingu. Greiddur lífeyrir er færður til lækkunar á lífeyrisskuldbindingunni. Breyting lífeyrisskuldbindingar greinist þannig:

	31.12.2024	31.12.2023
Lífeyrisskuldbinding í ársbyrjun	11	0
Greiðslur vegna lífeyrisskuldbindingar	(1)	0
Hækkun lífeyrisskuldbindingar á árinu	1	11
Lífeyrisskuldbinding í árslok	<u>11</u>	<u>11</u>
Skammtíamahluti lífeyrisskuldbindingar	(1)	(1)
Langtíamahluti lífeyrisskuldbindingar í árslok	<u>10</u>	<u>10</u>

Skýringar

17. Tekjuskattsskuldbinding

Tekjuskattsskuldbinding greinist þannig:	31.12.2024	31.12.2023
Tekjuskattsskuldbinding í ársbyrjun	218	175
Reiknaður tekjuskattur ársins	121	76
Tekjuskattur til greiðslu	(76)	(33)
Tekjuskattsskuldbinding í árslok	263	218
Tekjuskattur til greiðslu samkvæmt efnahagsreikningi greinist þannig:		
Tekjuskattur til greiðslu	76	33
Tekjuskattsskuldbinding skiptist þannig:		
Varanlegir rekstrarfjármunir	310	243
Birgðir	4	4
Viðskiptakröfur	2	3
Frestaður gengismunur	7	(1)
Yfirfæranlegt tap	(61)	(31)
Tekjuskattsskuldbinding í árslok	263	218

18. Vaxtaberandi langtímaskuldir

Vaxtaberandi langtímaskuldir greinast þannig:	31.12.2024	31.12.2023
Skuldir í EUR	996	1.158
Skuldir í íslenskum krónum, verðtryggðar	7.414	6.642
Skuldir í íslenskum krónum, óverðtryggðar	166	170
Vaxtaberandi langtímaskuldir samtals, þ.m.t. næsta árs afborganir	8.577	7.970
Næsta árs afborganir	(471)	(452)
Vaxtaberandi langtímaskuldir í efnahagsreikningi samtals	8.106	7.518
Afborganir af vaxtaberandi langtímaskuldum félagsins greinast þannig á næstu ár:		
Árið 2024	-	452
Árið 2025	471	430
Árið 2026	481	439
Árið 2027	491	449
Árið 2028	1.348	1.267
Árið 2029	513	-
Síðar	5.273	4.933
Vaxtaberandi langtímaskuldir samtals, þ.m.t. næsta árs afborganir	8.577	7.970

19. Þóknun til endurskoðanda

Þóknun til endurskoðanda greinist þannig:	2024	2023
Endurskoðun ársreiknings	7	6
Önnur þjónusta	12	11
Þóknun til endurskoðanda samtals	18	17

Skýringar

20. Tengdir aðilar

Skilgreining tengdra aðila

Aðilar teljast vera tengdir aðilar ef þeir fara með bein eða óbein yfirráð í félaginu eða hafa vald til að stjórna fjárhags- og rekstrarstefnu þess. Meðal tengdra aðila félagsins eru: Lykilstjórnendur, nánir fjölskyldumeðlimir lykilstjórnenda og félög þar sem lykilstjórnendur eða nánir fjölskyldumeðlimir þeirra fara með yfirráð eða hafa veruleg áhrif á. Hluthafar sem fara með yfirráð eða hafa veruleg áhrif teljast einnig tengdir aðilar.

Viðskipti við lykilstjórnendur

Upplýsingar um laun til stjórnenda félagsins er að finna í skýringu 4. Upplýsingarnar ná ekki til sölu Norðurorku hf. á hefðbundnum aðföngum til heimilisreksturs viðkomandi aðila. Félagið átti engin önnur viðskipti við stjórnendur á árinu og stjórnendur eiga ekki hlut í félaginu.

Önnur viðskipti við tengda aðila

Sala á vöru og þjónustu

	2024	2023
Akureyrarbær og stofnanir sveitarfélagsins	381	391
Aðrir hluthafar	37	42
Hlutdeildarfélög og önnur tengd félög	9	10
	<u>427</u>	<u>444</u>

Kaup á vöru og þjónustu

Akureyrarbær og stofnanir sveitarfélagsins	157	172
Aðrir hluthafar	8	7
Hlutdeildarfélög og önnur tengd félög	30	27
	<u>195</u>	<u>207</u>

Staða

Viðskiptakröfur og viðskiptaskuldir við tengda aðila greinast þannig:

	31.12.2024		31.12.2023	
	Kröfur	Skuldir	Kröfur	Skuldir
Akureyrarbær og stofnanir sveitarfélagsins	49	(13)	67	(14)
Aðrir hluthafar	19	(2)	12	(2)
Hlutdeildarfélög og önnur tengd félög	1	(2)	1	(0)
	<u>69</u>	<u>(17)</u>	<u>80</u>	<u>(17)</u>

Skuldabréfaeign:

	31.12.2024	31.12.2023
Hlutdeildarfélög	0	2

Auk tekna hér að ofan fékk samstæðan greiddar vaxtatekjur frá Akureyrarbæ að fjárhæð kr. 15,2 millj. og frá hlutdeildarfélagi að fjárhæð kr. 0,2 millj.

21. Kennitölur

Helstu kennitölur:	31.12.2024	31.12.2023
EBITDA	2.198	2.136
Veltufjárlutfall	0,92	0,86
Eiginfjárlutfall	52,7%	52,7%
Arðsemi eigin fjár	7,47%	5,46%
Innra virði	12,82	11,90